



Kvenna framboðið

1. maí
1982



Kvennaframboðið er með fund í dag kl. 15:15 á Hallærисplaninu. Flutt verður örstuðt ávarp, Peysufatasöngsveitin kemur fram í fyrsta sinn, Edda Björgvinsdóttir og Helga Thorberg standa fyrir uppákomu. Kaffi og meðlæti á Hótel Vík á eftir. Komið og kynnist Kvennaframboðinu.



Hvað vill Kvennaframbodíð í borgarmálefnum ?

Kvennaframboðið leggur áherslu á breytt
stjórnunarform borgarinnar og vill tryggja

- eflingu hverfasamtaka
- greiðari upplýsingamiðlun til íbúa
- aukið frumkvæði og áhrif hverfasamtaka
á ákvarðanir um borgarmálefni.

Kvennaframboðið leggur einnig ríka
áherslu á bætta stöðu fjölskyldunnar
og mun berjast fyrir

- styttingu vinnutímans
- mannsæmandi kjörum láglaunakvenna
- endurmati á störfum húsmæðra.

Stóraukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu
er staðreynd.

BREYTTAR ABSTÆÐUR KREFJAST
NÝRRA ÚRLAUSNA.

Kvennaframboðið vill því

- að öllum börnum sé gefinn kostur á
öruggri dagvistun
- að samræmi verði milli skólatíma
barna og vinnutíma foreldra
- að borgin komi betur til móts við þarfir
barna og unglings í frístundum þeirra.